

Almenni lífeyrissjóðurinn



Tryggingafræðileg athugun í árslok 2009



Mars 2010

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
I. Inngangur	2
II. Niðurstaða	2
III. Gögn	4
IV. Forsendur	4
V. Eignir, rekstur og endurmat	6
VI. Staða sjóðsins í árslok 2009	8
VII. Niðurlag	10
VIII. Viðauki TAFLA 1	12
IX. Viðauki TAFLA 2	13

I. Inngangur

Talnakönnun hf. hefur samkvæmt beiðni stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins athugað tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2009. Athuginin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar héldu áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir færu á lífeyri. Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins vann athuginina samkvæmt samþykktum sjóðsins og í samræmi við 24. grein laga nr. 129/1997 og ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Vigfús hlaut þann 30. janúar 1998 viðurkenningu Vátryggingaeftirlitsins (nú Fjármálaeftirlitið) til að starfa sem sérfræðingur skv. 37. gr. laga nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi og uppfyllir því ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 129/1998 til að vinna tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum. Vigfús er fullgildur félagi í Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga.

II. Niðurstaða

Taflan sýnir niðurstöðu athugunarinnar Til samanburðar er sýnd niðurstaða sem miðast við 31.5. 2009 en staða sjóðsins var reiknuð þá miðað við sömu reglur og nú gilda. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna.

NIÐURSTAÐA	31.12.2009	31.5.2009		
ÁFALLIN STAÐA				
Höfuðstóll	39.697.041þúsundir	36.746.389þúsundir		
Viðbót vegna endurmats	2.762.775	3.056.682		
Fjárfestingarkostnaður	-1.071.850	-645.918		
EIGN	41.387.966	39.157.154		
Áfallin lífeyrisskuldbinding	53.114.690	51.638.462		
Kostnaður	519.734	373.968		
Áfallin skuldbinding	53.634.424	52.012.429		
Staða	-12.246.458	-22,8%	-12.855.275	-24,7%
HEILDARSTAÐA				
Iðgjöld	41.416.343þúsundir	45.354.291þúsundir		
Eign + iðgjöld	82.804.309	84.511.445		
Lífeyrisskuldbinding	91.799.412	96.527.190		
Kostnaður	1.303.533	922.635		
Heildarskuldbinding	93.102.945	97.449.825		
Staða	-10.298.637	-11,1%	-12.938.380	-13,3%

Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 10.299 milljónir. Það er heldur betri staða en í lok maí 2009 en þá var staðan neikvæð um 10.938 milljónir en það var fyrir 10% skerðingu áfallinna skuldbindinga hjá öðrum en ellilífeyrisþegum sem kom til framkvæmda í árslok. Heildarstaðan hefði verið neikvæð um 8.371 milljón að teknu tilliti til skerðingarinnar þannig að

heildarstaða hefur í reynd versnað um 1.928 milljónir sem er um 2,0% af heildarskuldbindingu. Áfallin staða er neikvæð um 12.246 milljónir en hún var neikvæð um 12.855 milljónir í úttektinni í lok maí 2009 en hefði orðið neikvæð um 8.288 milljónir að teknu tilliti til skerðingarinnar þannig að áfallin staða hefur í reynd versnað um 3.958 milljónir eða um 7,3% af áfallinni skuldbindingu.

Heildarstaða sjóðsins er utan venjubundinna vikmarka -10% sem lög kveða á um eða -11,1%. Heildarstaða lífeyrissjóða á að jafnaði að vera innan 5% vikmarka, samanber 39. grein laga nr. 127/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þannig að það þarf að skerða áunnin réttindi minnst um 11,3% til að uppfylla bráðabirgðaákvæði sem var sett í samþykktir sjóðsins 29. október 2009 en þar er kveðið á um að það skuli breyta lífeyrisréttindum í árslok 2009 þannig að staða samtryggingarsjóðs verði í jafnvægi. Heildarstaðan yrði þá -4,9% en áfallin staða -13,1%. Það er hins vegar æskilegt að mati skýrsluhöfundar að bæta einnig áfallna stöðu með það að markmiði að koma henni einnig inn fyrir 5% mörkin innan fárra ára. Þess vegna er lagt til að áunnin réttindi í árslok 2009 verði skert um ekki minna en 15% en slík skerðing leiðir til þess að heildarstaða í árslok 2009 verður neikvæð um 2,7% og áfallin staða neikvæð um 9,3%.

Núna er miðað við lífslíkur samkvæmt reynslu árána 2004 til 2008 á Íslandi (IS0408L) en á síðasta ári var miðað við reynslu árána 2001 til 2005 (IS0105L). Heildarstaða sjóðsins hefði verið 1,3% betri ef gömlu lífslíkurnar hefðu verið notaðar áfram.

III. Gögn

Gögn um sjóðfélaga og lífeyrisþega voru fengin úr Krúkerfi FUGLA ehf. og voru þar upplýsingar um kyn og fæðingardag hvers sjóðfélaga, fæðingardag maka, samtals áunnin réttindi sjóðfélagans og nýjustu upplýsingar um iðgjaldgreiðslur. Hjá lífeyrisþegum voru upplýsingar um tegund lífeyris og lífeyrisréttindin í desember 2009.

Sjóðfélögum er skipt í þrjá hópa:

1. Sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2009.
2. Sjóðfélagar með geymd réttindi, það er greiddu hvorki iðgjöld né þáðu lífeyri á árinu 2009
3. Lífeyrisþegar í desember 2009.

Eins og fram kemur síðar í skýrslunni voru lífeyrisréttindi sjóðfélaga endurreiknuð frá 1. janúar 2006 til ársloka 2009. Skýrsluhöfundur veitti ráðgjöf varðandi endurreikninginn og reiknaði sjálfur ný réttindi sjóðfélaga út frá tryggingafræðilegum gögnum sem miðuðu við 31. maí 2009. Starfsmenn sjóðsins og Fugla ehf. endurreiknuðu hins vegar formlega réttindin og sannreynðu meðal annars með úrtökum og samanburði við útreikning skýrsluhöfundar. Það voru töluverð samskipti vegna þessa og fylgdist skýrsluhöfundur því vel með endurreikninginum. Áreiðanleiki gagnanna var ekki kannaður að öðru leyti en með samanburði við tryggingafræðileg gögn fyrri ára og tölur úr ársreikningi og virtist ágætis samræmi vera þar á milli.

Formlegum endurreikningi á réttindum ellilífeyrisþega var ekki lokið og reiknaði undirritaður því ellilífeyrisréttindi aftur út frá tryggingafræðilegu gögnunum, aldri lífeyrisþega þegar þeir hófu töku lífeyris og lækkunarstuðli í töflu 2 í núverandi samþykktum. Ef þannig reiknuð ellilífeyrisréttindi voru hærri en ellilífeyrir skv. gögnum um lífeyrisþega þá voru þau notuð í úttektinni.

IV. Forsendur

Ellilífeyrir

1. Reiknað er með að starfandi sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris frá og með 70 ára afmælisdegi eða næsta afmælisdegi sjóðfélaga, ef hann er eldri en 70 ára í árslok 2009.
2. Áunninn réttur til ellilífeyris frá og með 70 ára aldri er áunninn lífeyrisréttur í árslok 2009 samkvæmt réttindabókhalda sjóðsins
3. Réttur ellilífeyrisþega á mánuði er lífeyrisgreiðsla í desember á janúarverðlagi.
4. Sjóðfélagar vinna sér inn réttindi til ellilífeyris í samræmi við iðgjöld og töflu 1 í samþykktum sjóðsins.

Örorkulífeyrir

1. Allir sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á örorkulífeyri, ef örorka þeirra er metin 50% eða meira og þeir verða fyrir tekjumissi. Örorkulífeyrisréttindi eru flutt réttindi miðað við 31.12.2005 samkvæmt þágildandi samþykktum Almenna

lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs lækna. Frá þeim tíma ákvarðast þau af réttindatöflum samkvæmt í samþykktum sjóðsins.

2. Fyrir fulla (100%) örorku er áunninn örorkulífeyrir hinn sami og áunninn ellilífeyrir og hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Virkir sjóðfélagar eiga rétt á viðbót með framreikningi samkvæmt reglum í 19. grein samþykta sjóðsins.
3. Réttur örorkulífeyrisþega á mánuði er örorkulífeyrisgreiðsla desembermánaðar á janúarverðlagi.
4. Örorkulífeyrir greiðist til ellilífeyrisaldurs samkvæmt ofanskráðum reglum. Frá þeim tíma hækkar lífeyririnn (og kallast ellilífeyrir), ef örorkumatið var minna en 100%, og verður eins og örorkan hefði verið 100%.

Makalífeyrir

1. Makar allra þeirra sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga. Makalífeyrisréttindi eru flutt réttindi miðað við 31.12.2005 samkvæmt þágildandi samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs lækna. Frá þeim tíma ákvarðast þau af réttindatöflum samkvæmt samþykktum sjóðsins.
2. Áunninn makalífeyrir er 50% áunnins ellilífeyris. Makar virkra sjóðfélaga og örorku- og ellilífeyrisþega fá viðbót með sams konar framreikningi og gildir um örorkulífeyri.
3. Makalífeyrir skal greiddur óskertur í tvö ár frá andláti sjóðfélaga hið minnsta og síðan að hálfu í eitt ár til viðbótar en þó alltaf óskertur meðan yngsta barn sjóðfélaga er 19 ára eða yngra og á framfæri sjóðfélaga.
4. Réttur makalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Barnalífeyrir

1. Við andlát eða starfsorkumissi sjóðfélaga fá börn þeirra rétt á lífeyri fram að 20 ára aldri.
2. Mánaðarlegur barnalífeyrir er 19.793 krónur á mánuði eða hlutfallslega miðað við örorku.
3. Réttur núverandi barnalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Almennar forsendur

1. Ávöxtun 3,5% umfram hækkunir á vísitölu neysluverðs.
2. Íslenskar lífslíkur miðað við reynslu árána 2004 til 2008.
3. Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur.
4. 50% af meðaltal örorkulíka 17 íslenskra lífeyrissjóða samkvæmt reynslu árána 1998 til 2002, en þessar örorkulíkur urðu staðlaðar örorkulíkur frá og með reikningsárinu 2006.

V. Eignir, rekstur og endurmat

Verðbréf í eigu sjóðsins voru endurmetin með því að núvirða þau til að sömu forsendur um vexti giltu um eignir og skuldbindingar og gaf það 2.763 milljónir króna eða 7,0% af bókfærðri eign. Núvirði fjárfestingargjalda er 1.072 milljónir og nettóendurmat því 1.691 milljón eða 4,3% af eign.

Efnahagur 31/12 2009	Bókfært	Núvirt mv. bókfært	Verðmæti mv.	Niðurfærsla v.	Endurmat
Fjárhæðir í þús. króna	með 3,5% og 6,1% meðaltal		3ja mán. meðaltalsverðm.		
Verðbréf með breyttil. tekjum	17.552.372	17.888.296	17.725.061	-163.235	172.689
Verðbréf með föstum tekjum	14.430.627	15.851.966			1.421.339
Veðskuldabréf	6.671.003	7.839.750			1.168.747
Bundnar bankainnistæður	0	0			
Aðrar fjárfestingar	29.741	29.741			
Kröfur	373.038	373.038			
Aðrar eignir	764.767	764.767			
Skuldir	-124.508	-124.508			
Eign skv. ársreikningi	39.697.041				2.762.775
Endurmat	2.762.775				
Fjárfestingargjöld	-1.071.850				
Tryggingafræðileg eign	41.387.966				
				Fjárfestingargjöld	
				Vegna ársins	Núv.
				45.697	1.071.850

Einstök verðbréf voru ekki núvirt af Talnakönnun heldur var stuðst við útreikninga sem sjóðurinn útvegaði. Talnakönnun sendi framkvæmdastjóra sjóðsins greinar 19 til 21 úr reglugerð nr. 391/1998 en þær fjalla um endurmat eigna lífeyrissjóða ásamt eftirfarandi leiðbeiningum:

1. Að bréf verði núvirt miðað við 3,5% eða 6,1% kröfu eftir því sem við á
 2. a. Fyrir tekjustreymi verðtryggðra bréfa með breytilega vexti:
 - i. Ef vextir bréfsins í árslok eru hærri en 3,5% skal í stað vaxta bréfsins nota :

$$\text{MAX}(\text{vextir í árslok} - 1,5\%; \text{lágmarks vextir ef ákvæði eru um það í bréfinu}; 3,5\%)$$
 - ii Ef vextir bréfsins í árslok eru lægri en 3,5% skal nota vexti bréfsins
 - b. Fyrir tekjustreymi óverðtryggðra bréfa með breytilega vexti:
 - i. Ef vextir bréfsins í árslok eru hærri en 6,1% skal í stað vaxta bréfsins nota :

$$\text{MAX}(\text{vextir í árslok} - 1,5\%; \text{lágmarks vextir ef ákvæði eru um það í bréfinu}; 6,1\%)$$
 - ii Ef vextir bréfsins í árslok eru lægri en 6,1% skal nota vexti bréfsins
3. Endurmat bréfa með uppgreiðsluákvæði skal ekki lækkað að þessu sinni.
4. Búast má við miklum afskriftum af sumum flokkum verðbréfa. Óskað er eftir upplýsingum um verðmæti verðbréfa skv. flokkun endurskoðanda eða flokkun FME eftir því hvor er ítarlegri:
 - a) án afskrifta
 - b) með afskriftum
 - c) núvirt verðmæti mv. a)
 - d) núvirt verðmæti miðað við b). Ef ekki er hægt að reikna núvirði mv. b) verður notast við núvirta verðmætið í c) margfaldað með hlutfallinu á milli b) og a) fyrir hvern flokk.

5. Minnt er á ákvæði 21. gr. 391/1998 um meðalverð síðustu þriggja mánaða fyrir eignir á markaðsverði. Fyrir erlendar eignir verði meðalverð eigna reiknað í viðkomandi gjaldmiðli (t.d. sem meðaltal verðs í lok september, október, nóvember og desember) umreiknað í krónur miðað við gengi 31.12.2009

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður vegna fjárfestinga var 45,7 milljónir eins og fram kemur í töflunni að ofan og núvirðið 1.072 milljónir. Annar rekstrarkostnaður var 56,6 milljónir og núvirði hans var 1.304 milljónir sem bætist við heildarskuldbindingu. Núvirtur kostnaður vegna áfallinnar skuldbindingar er hlutfallið reiknuð áfallin lífeyrisskuldbinding deilt með heildarskuldbindingu að viðbættum framtíðariðgjöldum og gaf það 520 milljónir.

VI. Staða sjóðsins í árslok 2009

Taflan sýnir niðurstöðu athugunarinnar með samanburði þær forsendur sem voru notaðar í árslok 2008 og staðlaðar forsendur.

NIÐURSTAÐA í árslok 2009	Forsendur úttektar	Gömlu lífslíkurnar	Staðlaðar forsendur
ÁFALLIN STAÐA			
Höfuðstóll	39.697.041þús.	39.697.041þús.	39.697.041þús.
Viðbót vegna endurmats	2.762.775	2.762.775	2.762.775
Fjárfestingarkostnaður	-1.071.850	-1.071.850	-1.071.850
EIGN	41.387.966	41.387.966	41.387.966
Áfallin lífeyrisskuldbinding	53.114.690	52.371.834	55.738.169
Kostnaður	519.734	518.341	521.182
Áfallin skuldbinding	53.634.424	52.890.175	56.259.351
Staða	-12.246.458 -22,8%	-11.502.209 -21,7%	-14.871.385 -26,4%
HEILDARSTAÐA			
Iðgjöld	41.416.343þús.	41.342.455þús.	40.153.515þús.
Eign + iðgjöld	82.804.309	82.730.421	81.541.480
Lífeyrisskuldbinding	91.799.412	90.363.256	99.253.678
Kostnaður	1.303.533	1.303.533	1.303.533
Heildarskuldbinding	93.102.945	91.666.790	100.557.211
Staða	-10.298.637 -11,1%	-8.936.368 -9,7%	-19.015.730 -18,9%

Tryggingafræðilegar forsendur eru staðlaðar að öllu leyti nema því að það eru notaðar 50% af stöðluðum örorkulíkum í úttektinni.

Samþykktum sjóðsins var breytt í árslok í samræmi við tillögur sem voru samþykktar á sjóðfélaga fundi 29. október 2009 í samræmi við eftirfarandi:

„Deildir samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins (eftirlaunadeild, tryggingadeild og lífeyrisdeild) sameinast 31. desember 2009 í eina deild sem greiðir lífeyri samkvæmt 4. kafla samþykta sjóðsins. Réttindi sjóðfélaga í sameinuðum samtryggingarsjóði verða eftirfarandi:

1. Ellilífeyrisréttindi sjóðfélaga í samtryggingarsjóði vegna iðgjalda á tímabilinu 1.1.2006 til 31.12.2009 verða endurreiknuð samkvæmt réttindatöflu örorku vegna elli- og örorkuréttinda á hverjum tíma.
2. Eftirlaunasjóðir 1. janúar 2006 í eftirlaunadeild breytast í ævilöng ellilífeyrisréttindi frá 70 ára aldri
3. Endurreiknuð og áunnin ellilífeyrisréttindi 31.12.2009 lækka um 10%.
4. Áunnin tryggingaréttindi 1. janúar 2006 eru flutt örorku-, maka- og fjölskyldulífeyrisréttindi (þar með talin sérstök líftrygging lækna) ásamt eftirlaunasjóðum í eftirlaunadeild sem eru skráðir á nafn sjóðfélaga. Áunnu tryggingaréttindin lækka um 10% en breytast að öðru leyti ekki. Barnalífeyrisréttindi breytast ekki.

5. Réttindi ellilífeyrisþega sem hafa hafið töku ellilífeyris á tímabilinu frá 1. janúar 2006 til 31.12.2009 verða endurreiknuð samkvæmt liðum 1 og 2 og leiðrétt ef endurreiknuð réttindi reynast hærri heldur en áður úrskurðaður lífeyrir.“

Fyrsti endurreikningur réttindanna var miðaður við lok maí 2009. Áfallin skuldbinding þá reyndist 47.445 milljónir að teknu tilliti til 10% skerðingarinnar. Áfallin skuldbinding í árslok 2009 er 53.634 milljónir og hefur því í reynd hækkað um 6.189 milljónir. Helstu stærðir sem valda þeirri hækkun eru ný réttindi vegna iðgjalda ársins sem námu um 2.125 milljónum, hækkun vegna 5,3% verðbóta sem nam 2.585 milljónum og skuldbindingin í árslok 2008 er nú núvirt árinu skemur en þá og veldur það um 1.660 milljóna hækkun. Taflan að ofan sýnir að hækkun vegna nýrra líslíka er 744 milljónir. Á móti kemur að skuldbindingarnar hafa verið greiddar niður um 524 milljónir en það voru lífeyrisgreiðslur ársins.

VII. Niðurlag

Staða sjóðsins er erfið eins og flestra annarra lífeyrissjóða á Íslandi. Almennt hafa eignir lífeyrissjóða í reynd rýrnað um 20 til 30% vegna efnahagshrunsins sem byrjaði á árinu 2008 og því ekki óeðlilegt að það þurfi að skerða áunnin lífeyrisréttindi tilsvaramandi. Áunnin lífeyrisréttindi hjá Almenna lífeyrissjóðnum hafa verið skert um 10% samkvæmt ákvæðum um endurreiknuð réttindi sjóðfélaga frá 29. október 2009 í samþykktum sjóðsins. Tillaga skýrsluhöfundar um að minnsta kosti 15% skerðingu áunninna réttinda er því í fullu samræmi við þær staðreyndir sem blasa við eftir afskriftir efnahagshrunsins.

Þessi tryggingafræðilega athugun byggir á þeim gögnum og forsendum, sem gert hefur verið grein fyrir í skýrslu þessari, ásamt hefðbundnum tryggingafræðilegum útreikningum. Niðurstaðan virðist í ágætu samræmi við niðurstöðu fyrri ára þegar tillit hefur verið tekið til breyttra forsenda og endurreiknings réttinda.

Gert í Reykjavík 31. mars 2010

TALNAKÖNNUN HF.



Vigfús Ásgeirsson

VIII. Viðauki TAFLA 1

Tafla 1

Heildarskuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLIÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS	
Virkir sjóðfélagar	5.325	175,8	43	46.259	4.058	3.770	657	54.744
Óvirkir	3.743	22,1	45	4.579	325	722	0	5.626
Ellilífeyrisþegar	347	154,7	75	5.643	0	1.074	0	6.717
Örorkulífeyrisþegar	34	158,3	57	410	510	55	0	975
Makalífeyrisþegar	8	48,9	60	0	0	48	0	48
Barnalífeyrisþegar	19	21,9	13	0	0	0	30	30
SAMTALS	9.476	113,8	44,7	56.891	4.893	5.669	687	68.140

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLIÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS	
Virkir sjóðfélagar	3.303	103,1	37	15.994	2.763	337	339	19.433
Óvirkir	2.797	11,0	41	1.707	224	97	0	2.029
Ellilífeyrisþegar	64	71,9	73	543	0	17	0	561
Örorkulífeyrisþegar	24	73,8	56	120	288	2	0	411
Makalífeyrisþegar	88	103,2	70	0	0	1.206	0	1.206
Barnalífeyrisþegar	17	22,0	15	0	0	0	20	20
SAMTALS	6.293	61,5	40,0	18.365	3.276	1.660	358	23.659

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLIÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS	
Virkir sjóðfélagar	8.628	147,9	41	62.253	6.822	4.107	995	74.177
Óvirkir	6.540	17,4	43	6.287	549	819	0	7.655
Ellilífeyrisþegar	411	141,8	74	6.186	0	1.092	0	7.278
Örorkulífeyrisþegar	58	123,3	56	530	798	58	0	1.386
Makalífeyrisþegar	96	98,7	69	0	0	1.254	0	1.254
Barnalífeyrisþegar	36	21,9	14	0	0	0	49	49
	15.769	92,9	42,8	75.256	8.169	7.329	1.045	91.799

(þúskr.)

KOSTNAÐUR				1.069	116	104	15	1.304
SAMTALS				76.324	8.285	7.433	1.060	93.103

Bókfærð eign 39.697

Endurmat 1.691

Núverandi eign 41.388

Ókomin iðgjöld KARLAR 29.792

Ókomin iðgjöld KONUR 11.624

Samtals 41.416

Heildareign 82.804

STAÐA -11,1% -10.299

IX. Viðauki TAFLA 2

Tafla 2

Áfallin skuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLIÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS	
Virkir sjóðfélagar	5.325	73,3	43	23.557	1.469	3.635	0	28.660
Óvirkir	3.743	22,1	45	4.579	325	722	0	5.626
Ellilífeyrisþegar	347	154,7	75	5.643	0	1.074	0	6.717
Örorkulífeyrisþegar	34	158,3	57	410	510	55	0	975
Makalífeyrisþegar	8	48,9	60	0	0	48	0	48
Barnalífeyrisþegar	19	21,9	13	0	0	0	30	30
SAMTALS	9.476	56,3	44,7	34.189	2.303	5.534	30	42.056

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLIÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS	
Virkir sjóðfélagar	3.303	29,8	37	5.787	734	311	0	6.832
Óvirkir	2.797	11,0	41	1.707	224	97	0	2.029
Ellilífeyrisþegar	64	71,9	73	543	0	17	0	561
Örorkulífeyrisþegar	24	73,8	56	120	288	2	0	411
Makalífeyrisþegar	88	103,2	70	0	0	1.206	0	1.206
Barnalífeyrisþegar	17	22,0	15	0	0	0	20	20
SAMTALS	6.293	23,0	40,0	8.158	1.247	1.634	20	11.059

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLIÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS	
Virkir sjóðfélagar	8.628	56,6	41	29.344	2.203	3.946	0	35.493
Óvirkir	6.540	17,4	43	6.287	549	819	0	7.655
Ellilífeyrisþegar	411	141,8	74	6.186	0	1.092	0	7.278
Örorkulífeyrisþegar	58	123,3	56	530	798	58	0	1.386
Makalífeyrisþegar	96	98,7	69	0	0	1.254	0	1.254
Barnalífeyrisþegar	36	21,9	14	0	0	0	49	49
	15.769	43,0	42,8	42.346	3.551	7.168	49	53.115

(þúskr.)

KOSTNAÐUR	414	35	70	0	520
SAMTALS	42.761	3.585	7.238	50	53.634

Bókfærð eign 39.697

Endurmat 1.691

Núverandi eign 41.388

Ókomin iðgjöld KARLAR 0

Ókomin iðgjöld KONUR 0

Samtals 0

Heildareign 41.388

STAÐA -22,8% -12.246



TALNAKÖNNUN HF.